

33. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 13. mars 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990,
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2001.

Gjört á Bessastöðum, 13. mars 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1.–11. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Íðnaðarráðherra er heimilt að selja 51% eignarhlut íslenska ríkisins í Kísiliðjunni hf. við Mývatn. Söluandvirðið skal renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem

eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar.

2. gr.

12. gr. laganna, sem verður 2. gr., orðast svo:

Starfræktur skal sérstakur sjóður, Kísilgúrsjóður, sem hafi það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal vera:

1. 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001.
2. 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 og þar til kísilgúrvinnslu er hætt.
3. Framlag á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.
4. Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

Iðnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóð þennan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. apríl 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um lækningatæki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits, viðhalds og notkunar lækningatækja og eftirlits heilbrigðisyfirvalda með þeim.

2. gr.

Markmið.

Markmið með lögum þessum er að koma í veg fyrir að notendur lækningatækja verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.